

Nd.

128. Frumvarp til laga

[11. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 11 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

13. gr. hljóðar svo:

Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. Slíkar undanþágur má takmarka við tiltekin svæði.

Á sama hátt má auka friðun einstakra fuglategunda og takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði.

25. gr. hljóðar svo:

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafnis og kjóa.

28. gr. hljóðar svo:

Óheimilt skal að trufla erni, fálka, snæuglu eða haftyrdla á varpstöðvum þeirra.

36. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að taka hami af fuglum og setja þá upp, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.

Þó er með öllu óheimilt að taka og setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum nema í þágu opinberra almenningsafna íslenskra.

44. gr. hljóðar svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.